

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarsjóð til minningu um Helenu Matthíasdóttur, nr. 345/2010.

1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins ákveður um úthlutanir úr sjóðnum og getur hún leitað ábendinga frá sérfræðingum í taugasjúkdómum á Barnaspítala Hringins. Miðað skal við að úthlutun eigi sér stað á fæðingardeggi Helenu 22. febrúar. Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

10. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Sjóðurinn verður lagður niður ef allir stjórnarmenn ákveða það. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Vestfjörðum fyrir niðurlagningu. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Barnaspítala Hringins, sjá ennfreður 9. gr.

12. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir rannsóknarsjóð til minningar um Helenu Matthíasdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 14. júlí 2025.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Bergrún Halldórsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 5. ágúst 2025